

18. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 17. febrúar 2023 á fjarfundi

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Lárus B. Lárusson (LBL) og Embla Líf Hallsdóttir (ELH), fulltrúi ungmennaráðs.

Formaður setti fund kl. 16:00

1. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra og fjármálastjóra

AIP og EPE greindu frá starfseminni frá síðasta stjórnarfundi.

2. Fundargerðir stjórna og nefnda

- 7. fundargerð Móta- og viðburðanefndar.
- 13. fundargerð Ungmennabúðanefndar.
- 21. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
- 13. fundargerð Ungmennaráðs UMFÍ.

Lagðar fram til kynningar.

3. Erindi frá nefndum

Móta- og viðburðarnefnd:

Tillaga um breytingar á reglugerðum Unglingalandsmóts og Landsmóti 50+.

- Stjórn fór yfir reglugerðirnar og samþykkti breytingar á þeim. Uppfærðar reglugerðir verða birtar á vefsíðu UMFÍ.

Samningar við mótshaldara sumarsins, annars vegar við UMSS og Skagafjörð vegna Unglingalandsmóts og hins vegar við HSH og Sveitarfélagið Stykkishólm vegna Landsmóts 50+.

- Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi samninga.

Þáttökugjald

- Móta- og viðburðanefnd leggur til að skráningargjald á Unglingalandsmót 2023 verði 8.900 kr. og skráningargjald á Landsmót 50+ verði 5.500 kr. Stjórn samþykkir tillöguna.

4. Vinnuhópur um íþróttahéruð hjá ÍSÍ

Drög að skýrslu vinnuhóps lögð fram. Hópnum var ætlað að bera saman íþróttahéruðin í landinu, fjárhagslega sem og umfang starfsemi þeirra. Starf vinnuhópsins verður nýtt í þeirri vinnu sem fram undan er við endurskoðun skiptingu lottófjár. GPÖ, GS og AIP voru í vinnuhópnum sem skipaður var fulltrúm ÍSÍ og UMFÍ.

- Stjórn UMFÍ fagnar því að ÍSÍ og UMFÍ skili sameiginlegu álitni um framtíðarsýn varðandi starfsemi íþróttahéraða og að skýrslan liggi fyrir. Stjórnin felur vinnuhópi UMFÍ um íþróttahéruð og lottóreglur að rýna skýrsluna og eftir atvikum að koma með tillögur til stjórnar tímanlega fyrir vorfund UMFÍ, sem haldinn verður 15. apríl næstkomandi.

5. Umsóknir Landsmót UMFÍ 50+ 2024

Borist hafa þrjár umsóknir, frá:

- UMFÞ
- HSK
- USAH

Móta- og viðburðanefnd falið að rýna umsóknirnar og leggja fram tillögu á næsta stjórnarfund.

6. LUF

Gögn lögð fram til kynningar. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

7. Laugarvatn, staða mála

Framkvæmdastjóri og forstöðumaður Ungmennabúða hafa átt í samskiptum við Bláskógabyggð varðandi framkvæmdir. Beðið er viðbragða Bláskógabyggðar.

- Framkvæmdastjóra falið að gæta hagsmuna UMFÍ í málinu.

GG vék af fundi kl. 17:23

8. Þjónustumiðstöð UMFÍ að Engjavegi

Ný þjónustumiðstöð UMFÍ að Engjavegi 6 hefur verið tekin í gagn. Talsvert hefur verið um heimsóknir í vikunni og góður rómur hefur verið gerður að aðstöðunni, m.a. hljóðvist og lýsingu. Sambandsaðilar og aðrir gestir eru ávallt velkomnir í þjónustumiðstöðina. Stjórn fagnar þessum áfanga innilega og vonar að starfsfólki og gestum eigi eftir að líða vel í nýju aðstöðunni.

9. Samantekt verkefna

Lokaskýrslur mótahalds 2022.

- Stjórn þakkar fyrir góðar samantektir og vísar skýrslunum til Móta- og viðburðanefndar til úrvinnslu ábendinga.

Ferð til ISCA.

- Ragnheiður Sigurðardóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson fóru í heimsókn til ISCA í Danmörku fyrr í mánuðinum. Skýrsla ferðarinnar lögð fram til kynningar.

RIG ráðstefna.

- Fór fram 1. og 2. febrúar sl. UMFÍ hefur undanfarin ár verið samstarfsaðili ÍBR ásamt Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands og Háskólanum í Reykjavík vegna ráðstefnunnar. Skýrsla um ráðstefnuna lögð fram til kynningar.

10. Heimsóknir til sambandsaðila, ársþing / aðalfundir

Stjórn fór yfir lista yfir þau ársþing/aðalfundi sem boðað hefur verið til og skipti sér niður á þau.

11. Staða nefndarstarfs og verkefni stjórnar

Farið yfir stöðu nefndarstarfs og verkefnin framundan.

12. Tímalínur

AIP lagði fram dagatal ársins þar sem settir hafa verið inn ýmsir viðburðir UMFÍ.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar.

Fundi slitið kl. 17:59.

SÓJ ritaði fundargerð.